

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023

**Efni: Umsögn Sameykis – stéttarfélags í almannajónustu um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, 238. mál.**

Sameyki vill koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um stofnun nýrrar Mennta- og skólaþjónustustofu samhliða niðurlagningu Menntamálastofnunar. Með frumvarpinu er lagt til að öll störf innan Menntamálastofnunar verði lögð niður og starfsfólki þar með sagt upp störfum. Hjá stofnuninni starfa fjölmargir félagsmenn Sameykis og gerir félagið athugasemdir við að ekki hafi verið að neinu leyti haft samráð við stéttarfélagið um hagsmuni félagsfólks í þeim breytingum sem fram undan eru. Slíkt samráð er þekkt frá fyrri breytingum á stofnunum ríkisins og hefur skilað jákvæðum árangri. Nú virðist það vera ásetningur ríkisins að huga ekki að hagsmunum starfsfólks með jafnræði og meðalhóf að leiðarljósi. Það er skoðun Sameykis að hér sé um óvandaða stjórnsýslu að ræða.

Með lögum nr. 91 frá árinu 2015 var Menntamálastofnun sett á fót. Samhliða stofnun Menntamálastofnunar voru störf þeirra sem störfuðu hjá Námsgagnastofnun, Námsmatsstofnun og í sumum tilfellum hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu lögð niður en því starfsfólki var boðið nýtt starf hjá Menntamálastofnun. Þannig var gætt að starfsöryggi starfsfólksins samhliða breytingunum og lögfest að bjóða skyldi starfsfólki nýtt starf hjá hinni nýju stofnun. Samkvæmt því frumvarpi sem hér um ræðir, þar sem Menntamálastofnun er lögð niður og ný Mennta- og skólaþjónustustofa stofnuð, er ekki gætt að þessum atriðum. Þannig segir í frumvarpinu að leggja skuli niður öll störf hjá Menntamálastofnun og auglýsa störf hjá hinni nýju stofnun. Við þetta gerir Sameyki alvarlegar athugasemdir og telur að hér sé ekki gætt að meðalhófi. Skýtur þessi aðferð skökku við miðað við nýleg áform ríkisins um breytingar á rekstri ríkisstofnana.

Í þessu samhengi vill Sameyki benda á nýlegt dæmi af fyrirhuguðum breytingum sem fram koma í Frumvarpi til laga um sýslumann (153. löggjafarþing 2022–2023. Stjórnarfrumvarp), en þar er sérstaklega lögð áhersla á meðalhóf og starfsöryggi starfsfólks. Í Ákvæði til bráðabirgða lið II segir:

*„Öll störf hjá sýslumönnum eru lögð niður frá 1. janúar 2024. Starfsmönnum sýslumanna skal boðið starf hjá hinu nýja embætti sýslumanns. Um réttarvernd starfsmanna til að starfa hjá hinu nýja embætti sýslumanns fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði“*


Í Greinargerð með frumvarpinu lið 3. Meginefni frumvarps segir:

*„Þannig er ekki gert ráð fyrir að hagræðingin leiði til fækkunar starfa, þótt fyrirséð sé að störfín kunni að breytast með tímanum vegna nýrra verkefna og framþróunar í málaflokknum. Af þeirri ástæðu er lagt til að starfsmönnum gömlu embættanna verði boðið starf hjá hinu nýja embætti.“*

Sameyki gerir alvarlegar athugasemdir við það verklagi ríkisins að segja upp öllu starfsfólki Menntamálastofnunar eins og kemur fram í frumvarpinu. Sameyki leggur áherslu á að ákvarðanir ríkisins taki mið af uppbyggilegri mannauðsstefnu og hagsmunir starfsfólks, sem skilað hefur góðu og árangursríku starfi um árabil, verðir tryggðir með sem bestum hætti. Það verður einungis gert með ákvörðunum eins og þeim sem vitnað er í hér að framan og lýsa fyrirhuguðum breytingum á starfsemi sýslumannsembættanna. Ríkinu er skylt að gæta meðalhófs í ákvörðunum sínum er varðar störf starfsmanna sinna og Sameyki stéttarfélaga væntir þess að meðalhóf verði haft að leiðarljósi í þeim breytingum sem fram undan eru.

Sameyki hvetur til þess að áformum ráðherra verði breytt þannig að tryggja megi réttarstöðu núverandi starfsfólks Menntamálastofnunar og að starfsfólki verði tryggð störf hjá nýrri stofnun, óháð því hvort starfsfólk kunni að þurfa að hlíta breytingum á starfi sínu eða starfsstigi í samræmi við nýtt skipurit og starfslýsingu.

Fyrir hönd SAMEYKI



Þórarinn Eyfjörð  
formaður Sameykis